

1864.

20. febrúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til allra amtmannanna á Íslandi, um fangamark konungs.

Dómsmálastjórnin sendir yður hérmeð, herra (tit.), nokkur prentuð exemplör af auglýsing, sem út kom 17. nóvemberm. f. á. frá ráðherraforsetanum um fangamark konungs.

Auglýsing

um fangamark konungs.

Hans hátign konungurinn hefir með allrahæstum úrskurði 16. þ. m. skipað svo fyrir, að hið konunglega fangamark, ávallt þegar það þarf við að hafa, skuli lagað eptir uppdrætti þeim, er hér stendur:



Þetta er hérmeð gjört heyrum kunnugt.

Ráðherraforsetastjórnin, 17. dag nóvemberm. 1863.

C. Hall.

20. febrúar.

12. Bréfdómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um viðbót eptir kornverði af borgun fyrir þýðing á dómsgjörningum.

Með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 26. nóvemberm. f. á., barst stjórnarráðinu skjal nokkurt frá Jóni Péturssyni, fyrsta meðdómanda í hinum íslenska landsyfirrétti; í því biður hann um, að sér fyrir yfirstandandi fjárhagsár og svo eptirleidis verði veitt viðbót eptir kornverði af þeim 250 ríkisdöllum, sem hann fær úr hinum íslenska dómsmálasjóði fyrir það, að hann þýðir á danska tungu réttargjörninga í opinberum málum og gjafsóknarmálum, sem skotið er til hæstaréttar. Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jóni yfirdómara Péturssyni, að þareð ekki ber að álíta fê það, sem hér er um rætt, sem part af launum hans, heldur þóknun

1864.

20. febrúar.

fyrir störf, sem ekki fylgja með embættinu, en það eru útlegg-
ingar á réttargjörningum, eins og tekið er fram bæði í ástæð-
unum fyrir frumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi, til
laga um laun handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, og í
bréfi stjórnarráðsins til yðar, herra stiptamtmaður, sem konungs-
fulltrúa á alþingi, dags. 9. júním. f. á., smbr. konungsráðsúrskurð
12. aprílm. 1834, þá verður eptir þeim ákvörðunum, sem um
það efni gilda, ekki reiknuð viðbót eptir kornverði af fê þessu,
og skal stjórnarráðið geta þess, að ef ekki ætti að skoða borgun
þessa eins og þóknun, heldur sem part af embættislaunum hlut-
aðeiganda, þá væri hún burt fallin eptir að fengizt hefir með
lögum 19. janúar 1863 launaviðbót sú, sem embættismönnum á
Íslandi var ætluð eptir ofangreindu frumvarpi.

13. Opið bréf, er kunngjörir á Íslandi, að Kristján konungur hinn Níundi sè kominn til ríkis.

23. febrúar.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., gjörum kunn-
ugt: Hin mikla sorg, sem föðurlandið hefir orðið fyrir og svo
snögglega bar að höndum, þarsem hinn Almáttugi hefir kallað
Friðrik konung hinn Sjöunda til feðra sinna, hefir ekki
getað orðið neinum sárari en Oss, því enginn af þegnum hans
átti honum meira að þakka en Vér, er hann hafði kvatt til
ríkisstjórnar eptir sinn dag.

Nú er Vér göngum að þeirri hinni alvarlegu köllun, sem
forsjónin hefir Oss á herðar lagt, er það fastur ásetningur Vor
að halda órjúfanlega stjórnarskipunarlög ríkisins og að sýna
öllum þegnum Vorum sama réttlæti og sömu velvild. Ef þjóðin,
með trausti á Vorum einlægum vilja, styrkir viðleitni Vora,
mun Guð einnig veita henni blessun sína.

Það er vilji Vor, að öllum stjórnarstörfum sè viðstöðulaust
áfram haldið, og að embættismenn þeir, er hinn framlíðni kon-
ungur, fyrirrennari Vor, hafði skipað í embætti eður staðfest
embættaveitingar þeirra, gegni fyrst um sinn embættisverkum
sínum eptir embættiseiði þeim, er þeir hafa unnið.